

Örnefnaskráning í Dalabyggð

VI. Hluti – Heinaberg og Níp



Hulda Birna Albertsdóttir

Janúar 2013
NV nr. 14-13

Útdráttur

Örnefnaskráning í Dalabyggð er samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða, Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar og hófst 2010.

Markmið verkefnisins er að skrá jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði og eru í Dalabyggð.

Í verkefninu felst að ræða við heimildamenn og staðsetja örnefni á tiltekinni jörð á stafrænt landupplýsingarkort (GIS). Örnefnaskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru notaðar sem grunnheimild.

Alls voru skráð 40 örnefni í landi Heinabergs og 38 í landi Níps sem eru upp úr skráum frá Stofnun Árna Magnússonar.

Boðleiðum í Skarðshreppi er lýst, en það eru leiðir sem fólk bar leitarseðla og fundarboð eftir.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDASKRÁ	4
INNGANGUR	5
AÐFERÐIR	6
HEINABERG	7
SKRÁNING ÖRNEFNA Í LANDI HEINABERGS	7
ÖRNEFNI Í LANDI HEINABERGS	8
KORT 1	20
KORT 2	21
NÍP	22
SKRÁNING ÖRNEFNA Í LANDI NÍPS	22
ÖRNEFNI Í LANDI NÝPS	24
KORT 3	33
BOÐLEIÐIR Í SKARÐSHREPPI	34
UMRÆÐUR	35
ÞAKKIR	35
HEIMILDIR	36

Myndaskrá

Mynd 1. Heinaberg.....	7
Mynd 2. Nípurá.....	8
Mynd 3. Nípurdalur.	9
Mynd 4. Þóruþúfa.	11
Mynd 5. Litlaborg.....	11
Mynd 6. Heinaberg.....	13
Mynd 7. Beinagjá.	13
Mynd 8. Stapar	14
Mynd 9. Stekkjarnes.	15
Mynd 10. Heinabergsey/Stefanía.	18
Mynd 11. Langhólmi.	19
Mynd 12. Sumarbústaðurinn á Níp.	22
Mynd 13. Nípurá.....	24
Mynd 14. Steinseyri.	27
Mynd 15. Nípurdalur.	30
Mynd 16. Reiðhvammssker.	31

Inngangur

Örnefnaskráning í Dalabyggð var verkefni unnið af Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Dalabyggð. Markmiðið var að taka jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði, en í einstaka tilvikum voru teknar jarðir með sem lágu ekki að sjó.

Örnefnaskráning hófst sumarið 2010 þar sem skráðar voru fornleifar á tveimur jörðum samhliða örnefnaskráningunni. Sóley Valdimarsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur sá um örnefnaskráninguna þangað til í október 2010 en þá tók Hulda Birna Albertsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur við skráningunni.

Í þessari skýrslu verður fjallað um örnefni á jörðunum Heinabergi og Níp og er þetta sjötti hluti verkefnisins. Búið er að taka fyrir: Ólafsdal (Hulda Birna Albertsdóttir 2010), Stóra og Litlaholt (Hulda Birna Albertsdóttir 2012a), Tjaldanes og Lambanes (Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2012b), Innri Fagradal og Fagradalstungu (Sóley Valdimarsdóttir og Hulda Birna Albertsdóttir 2012b) og Ytri Fagradal (Hulda Birna Albertsdóttir 2013).

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Skrárnar skipta þúsundum og er sú elsta frá árinu 1910 (arnastofnun.is, sótt á vef þann 4.10.2010). Þessar skrár eru mikilvæg heimild m.a. um menningu, sögu, landsnytjar og náttúruferfar (m.a. Brink 1999). Einnig má halda því fram að þær séu hluti af menningar- og náttúruverðmætum. Örnefni sem varðveitast einungis í munnlegri geymd eiga á hættu að glatast þegar þörfin fyrir þau minnkar vegna breyttra aðstæðna (Guðrún Gísladóttir 1980). Því er mikilvægt að safna og staðsetja örnefni með hjálp staðkunnugra ásamt því að skrá niður merkingu þeirra, aldur og tilefni nafngiftar.

Skráðar voru niður boðleiðir í Saurbæjarhreppi og Skarðshreppi. Leitarseðlar voru fyrst og fremst sendir með þessum hætti á milli staða en einnig einstaka fundarboð. Í þessari skýrslu verður einungis talað um boðleiðir í Skarðshreppi þar sem Níp og Heinaberg voru hluti af þeim hreppi.

Aðferðir

Skráningin byggir fyrst og fremst á leiðbeiningum um örnefnaskráningu frá Stofnun Árna Magnússonar. Skráning á vettvangi er með aðstoð heimildarmanna. Aðrir þættir eru t.d. heimildaöflun, frágangur, kortagerð og fleira.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var aðal heimild verkefnisins. Fundað var með heimildarmönnum þar sem þeir voru beðnir að lesa yfir örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar og staðsetja þau jafnóðum á útprentaða loftmynd. Heimildarmenn voru einnig beðnir um að koma með athugasemdir eða viðbætur við núverandi örnefnaskrá. Sérstaklega var reynt að fá útskýringar á örnefnum sem ekki höfðu augljósa merkingu. Í þeim tilvikum þar sem ekki var hægt að staðsetja örnefni nákvæmlega á loftmynd var farið á staðinn og tekinn GPS-staðsetningahnit í isnet93 hnitakerfinu og eru staðsetningar í skýrslu alltaf skráðar í austur og norður. Teknar voru ljósmyndir þar sem sá möguleiki var fyrir hendi.

Skráning boðleiða fól í sér að fá heimildamenn til að lýsa boðleiðunum og þær voru svo ritaðar niður.

Frágangur á gögnum fól í sér að færa staðsetningu örnefnanna inn á stafrænan loftmyndagrunn. Með því fékkst nákvæm staðsetning á þeim örnefnum sem merkt voru beint á útprentuðu loftmyndina. Niðurstöður gáfu af sér kort með örnefnum innan hvernar jarðar sem og örnefnalista sem greint er frá í þessari skýrslu.

Loftmyndir sem notaðar voru eru teknar í 3500 m hæð og eru frá árinu 2010. Myndirnar eru í eigu Dalabyggðar, en keyptar frá Loftmyndum ehf. Viðtöl við heimildarmenn voru tekin upp með Olympus VN-5500PC upptökutæki. Ljósmyndir voru teknar á stafrænar myndavélar af gerðinni Canon Ixus 960IS og Canon EOS 500D og eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða/ljósmyndara, sem í þessu tilviki var Hulda Birna Albertsdóttir, nema annað sé tekið fram. GPS-staðsetningarpunktar voru teknir með Garmin 60CSx. Frágangur gagna fól í sér gerð stafrænna korta í Microstation v8i.

Heinaberg



Mynd 1. Heinaberg.

Heinaberg er jörð í fyrri Skarðshreppi næst innan við Níp, en utan við Ytri- Fagradal. Bærinn stendur niður við sjó fram á lágum hömrum. Sagnir voru um mikið surtabrandstré í fjöru Heinabergs sem nú er líklega hulið sandi. Túnin spillast lítilsháttar af grjóti sem upp úr því kemur. Engjar spillast af skriðum og vatnsuppgöngum, en hagar fordjarfast af skriðum.

Hætta er á flóðum þar og stórviðrasamt og svellsamt

um vetrarlagi og landþröngt (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938). Búið var á Heinabergi fram yfir 1970, en nú er jörðin sumarhúsajörð, sem bændurnir á Ytri – Fagradal nytja. Upphaflega skráði Ari Gíslason örnefni Heinabergs eftir Steingrími Samúelssyni, bónda á Heinabergi. Síðan fór Steingrímur yfir skrána að beiðni Kristjáns Eldjárn og skrifaði þá smávegis athugasemdir við hana. Loks voru athugasemdir Steingríms felldar inn í lýsingu Ara. Bændurnir Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason fóru yfir örnefnaskrána frá Stofnun Árna Magnússonar og aðstoðuðu höfund þessarar skráningar við að yfirfara hana yfir á kort.

Skráning örnefna í landi Heinabergs

Í örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa örnefnum verið gefin raðnúmer eftir því hvar þau koma fyrir í lýsingu hverrar jarðar. Hér eru örnefnin látin halda þeim númerum og ný örnefni fá oftast númer í framhaldi af því síðasta. Í skráningarlista hér á eftir eru örnefnin fyrst talin upp í stafrófsröð en á eftir fylgja nánari upplýsingar um hvert og eitt í númeraröð. Örnefnin eru svo staðsett á loftmynd á kort 1 þar sem örnefnið er staðsett á vinstri hlið niðri á örnefninu.

Beinagjá 15

Borgarkinnar 22

Borgir 28

Borgir 12

Einbúi 19

Flathólmi 39

Fagrabrekka 16

Fremragil 06

Gvöndarhólmi 36

Heinaberg 14

Heinabergsey 35	Sandfellsgafl 34
Jónsflaga 41	Sjónarhóll 32
Langanesvogur 27	Skuld 07
Langhólmi 38	Skuldarflöt 08
Lending 17	Stapar 21
Litlaborg 10	Stekkjardalur 26
Lundatættur 18	Stekkjarnes 23
Mávabjörg 31	Stekkjarnesvogur 24
Nípurá 01	Stóraborg 11
Nípurdalur 03	Stórurð 29
Nípurgljúfur 02	Svarðhamar 20
Nípurhryna 30	Svarthamar 04
Ófærugil 05	Vík 13
Réttarhólmi 37	Vörðuhólmi 40
Sandfell 33	Þóruþúfa 09

Örnefni í landi Heinabergs

Nípurá 01

Staðsetning: A354040 N539618

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Á merkjum móti Níp. Áin rennur í Nípurdal sem nær alla leið inn undan Svarthamar en undan honum eru fyrstu drög árinna.

Kort: Kort 1.



Mynd 2. Nípurá.

Nípurgljúfur 02

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrir neðan fossinn, við vaðið, rennur áin í gljúfrum eða stokk.

Nípurdalur 03

Staðsetning: A354187 N539466

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Nær inn undan Svarthamar. Austurhlíðin er gróðurlítill.

Kort: Kort 1.



Mynd 3. Nípurdalur.

Svarthamar 04

Staðsetning: A355264 N536037

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Hæsta fjallið vestanverðu við dalinn.

Kort: Kort 1.

Ófærugil 05

Staðsetning: A354905 N539181

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett í austurhlíð Nípurdals sem er gróðurlítill. Stórt gil með mörgum fossum.

Kort: Kort 1.

Fremragil 06

Staðsetning: A355416 N538388

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett í austurhluta Nípurdals.

Kort: Ekki á korti.

Skuld 07

Staðsetning: A353849 N540631

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Bærinn stendur niður við sjó fram á lágum hömrum. Þar upp af túni er flóinn frekar auðkennafár og að lokum brött hlíð og svo fjallsendi. Í túninu hér úti í horni er eða var bæjartóft, sem nú hefur verið sléttuð. Þessi tóft heitir Skuld.

Kort: Kort 2.

Skuldarflöt 08

Staðsetning: A353840 N540653

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Örnefnastofnun 24. apríl 1984. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Flötin sem Skuld stóð á. Mátti ekki slá. Magnús fyrrum bóndi á Heinabergi (1911-1936) sló hana fyrsta sumarið, sem hann bjó á Heinabergi, og missti bestu kúna veturinn eftir. Skuldarflöt sló hann aldrei eftir það.

Kort: Kort 2.

Þóruþúfa 09

Staðsetning: A353861 N540636

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Örnefnastofnun 24. apríl 1984. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Frá bæ að fjárhúsum er stök Þóruþúfa, sem ekki má slá. Kona á að vera grafin þar með barni sínu um 1880. Samkvæmt fyrrum bónda á Heinabergi Magnúsi Jónssyni (bjó þar 1911-1936) að kona að Nafni Þóra hefði búið á Heinabergi skömmu eftir kristnitöku. Hún var vel heiðin og vildi ekki liggja í vígðri mold, og var hún grafin þarna ásamt barni sínu. Magnús sló aldrei þúfuna, meðan hann bjó á Heinabergi.

Kort: Kort 2.



Mynd 4. Þóruþúfa.

Litlaborg 10

Staðsetning: A353958 N540330

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Önnur af tveim klettaborgum, staðsett fyrir ofan túnið.

Kort: Kort 1.



Mynd 5. Litlaborg.

Stóraborg 11

Staðsetning: A353867 N540282

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Önnur af tveim klettaborgum, staðsett fyrir ofan túnið.

Kort: Kort 1.

Borgir 12

Staðsetning: A353867 N540282 (Stóraborg) og 353958 540330 (Litlaborg)

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Standa á börðum, sem halda áfram utan við túnið.

Kort: Kort 1.

Vík 13

Staðsetning: A353529 N540397

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Neðan Borganna er stórt flóastykki sem nefnt er Víkin.

Kort: Kort 1.

Heinaberg 14

Staðsetning: A353685 N540694

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Niður við sjó, neðan víkurinnar. Bærinn dregur nafn sitt af því, allt í stuðlum. Bergið er utanvert við túnið.

Kort: Kort 2.



Mynd 6. Heinaberg.

Beinagjá 15

Staðsetning: A353784 N540710

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Í Heinaberginu er stór gjá sem er nefnd Beinagjá og er tiltölulega nýtt nafn.

Kort: Kort 2.



Mynd 7. Beinagjá.

Fagrabrekka 16

Staðsetning: A353691 N540680

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Lægð í víkinni utan við enda bergsins.

Kort: Kort 2.

Lending 17

Staðsetning: A353806 N540720

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett bæjarmegin við Heinabergið.

Kort: Kort 2.

Lundatættur 18

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs.

Lýsing/ Staðhættir: Á Heinaberginu eru gamlar tættur (Tóft) sem Jakob Dagsson nefndi Lundatættur.

Einbúi 19

Staðsetning: A354160 N540410

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Klettur sem er staðsettur beint upp af túni, í mýrinni.

Kort: Kort 1.

Svarðhamar 20

Staðsetning: A354478 N540950

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Hár klettur rétt inn við túnið.

Kort: Kort 1.

Stapar 21

Staðsetning: A354416 N540707

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Upp af Svarðhamri, eru tveir klettur sem nefndir eru Stapar.

Kort: Kort 1.



Mynd 8. Á miðri myndinni sjást Stapar.

Borgarkinnar 22

Staðsetning: A354828 N541202

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettir inn af Svarðhamri.

Kort: Kort 1.

Stekkjarnes 23

Staðsetning: A354185 N541014

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett niður af Svarðhamri.

Kort: Kort 1.



Mynd 9. Stekkjarnes.

Stekkjarnesvogur 24

Staðsetning: A354147 N540812

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettur utan við Stekkjarnes.

Kort: Kort 1.

Stekkjardalur 26

Staðsetning: A354312 N540916

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Smá dalur fyrir ofan Borgarkinnar.

Kort: Kort 1.

Langanesvogur 27

Staðsetning: A354745 N541594

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Smávogur innan við Borgarkinnar.

Kort: Kort 1.

Borgir 28

Staðsetning: A355228 N541576

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Innanvert við Langanesvog gengur svonefnt Langanes alllangt fram í sjó og það tilheyrir að öllu leyti Ytri- Fagradal. Upp af Langanesvogi inn af Kinnum heita Borgir.

Kort: Kort 1.

Stórurð 29

Staðsetning: A355357 N541308

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Upp af Borgum inn af Kinnum.

Kort: Kort 1.

Nípurhyrna 30

Staðsetning: A354187 N539908

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Upp af gamla bænum á Níp heitir Nípurhyrna.

Kort: Kort 1.

Mávabjörg 31

Staðsetning: A354308 N540174

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Inn af Nípurhyrnu eru þverhnípt björg niður að skriðum, sem heita Mávabjörg og ná nokkuð inn eftir.

Kort: Kort 1.

Sjónarhóll 32

Staðsetning: A356230 N540098

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Upp á fjalli.

Kort: Kort 1.

Sandfell 33

Staðsetning: A357277 N537305

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Hátt fell hæst uppi.

Kort: Kort 1.

Sandfellsgafl 34

Staðsetning: A356998 N537777

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Norðurendi Sandfells.

Kort: Kort 1.

Heinabergsey/Stefanía 35

Staðsetning: A353454 N541322

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Stærsta eyjan fyrir utan.

Kort: Kort 1.



Mynd 10. Heinabergsey/Stefanía er stærsta eyjan fyrir utan.

Gvendarhólmi 36

Staðsetning: A354111 N541372

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Utar en Heinabergsey.

Kort: Kort 1.

Réttarhólmi 37

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs.

Lýsing/ Staðhættir: Eyja.

Langhólmi 38

Staðsetning: A353252 N540816

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Eyja.

Kort: Kort 1.



Mynd 11. Langhólmi sést þarna. Lengsti hólminn vestan við sumarhúsið.

Flathólmi 39

Staðsetning: A353406 N541037

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs. Halla Steinólfsdóttir og Guðmundur Gíslason, viðtal 12. september 2011.

Lýsing/ Staðhættir: Eyja.

Kort: Kort 1.

Vörðuhólmi 40

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs.

Lýsing/ Staðhættir: Eyja.


Jónsflaga 41

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Heinabergs.

Lýsing/ Staðhættir: Eyja.





Níp



Mynd 12. Sumarbústaðurinn á Níp.

Níp er jörð sem staðsett var í Skarðshreppi, næst innan Tinda. Bærinn hefur löngu verið fluttur út fyrir ána, virðist hafa verið í Heinabergslandi áður vegna og var fluttur vegna skriðuhættu, en nú er stekkur þar sem hann stóð fyrr. Sagt er, að fjárhúsin hafi alltaf verið fyrir utan á og 19 menn hafi farist í ánni, enda er vaðið vont á svaðarhellum ofan við allháan foss. Upplýsingarnar í örnefnaskránni eru frá Stefáni

Guðmundssyni, Kópavogi, en hann er alinn upp á Níp, sonur Guðmundar Eggertssonar, er var þar bóndi. Í dag er jörðin Níp sumarhúsaland og Sumarliði Ísleifson er eigandi þess. Ekki er hægt að finna miklar upplýsingar um jörðina og ekki náðst í neina heimildamenn sem vita um örnefni eða annað á þessari jörð og þess vegna eru fjölmörg örnefni ekki staðsett.

Davíð Grímsson segir, að ýmist sé sagt Níps eða Nípur í eignarfalli. Í jarðabók kemur fram að útigangur var þar í betra lagi en túnið liggur undir skriðum. Hagar flestir komnir undir miklar skriður og grjót (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938).

Landamerki milli Nípur og Tinda eru úr stór skarði úr fjallsbrúninni í stefnu á Stórastein, í hæst Reiðhvammsbarð að vestan og beint í sjó fram. Landamerki innanverðu er Nípurá og þar sem hún áður rann út eyrar, framanverðu við Sjóaeysi (þar sést gamall árvegur), á sjó út norðanverðu við Hjallsker.

Heimildamenn í örnefnaskráningu skrá Stofnun Árna Magnússonar voru Stefán Guðmundsson, Kópavogi (1966) og Björn Kristjánsson gerði athugasemdir við fyrri skrá árið 1981.

Skráning örnefna í landi Níps

Í örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa örnefnum verið gefin raðnúmer eftir því hvar þau koma fyrir í lýsingu hverrar jarðar. Hér eru örnefnin látin halda þeim númerum og ný örnefni fá oftast númer í framhaldi af því síðasta. Í skráningarlista hér á eftir eru örnefnin fyrst talin upp í stafrófsröð en á eftir fylgja nánari upplýsingar um hvert og eitt í

númeraröð. Örnefnin eru svo staðsett á loftmynd á kort 3 þar sem örnefnið er staðsett á vinstri hlið niðri á örnefninu.

Berjahólar 19	Nípurdrög 38
Byrgishvammur 22	Nípurá 01
Eyrar 35	Skjöldur 12
Farlækjahryggur 11	Steinseyri 16
Farlækjarhvolf 10	Skekkjarhvolf 15
Farlækur 07	Stóristeinn 25
Flói 06	Neðrilægðir 28
Gatklettur 30	Reiðhvammsbarð 27
Háahryggshvolf 18	Reiðhvammsflói 23
Háihryggur 17	Reiðhvammshóll 26
Hesthúsbarð 02	Reiðhvammssker 36
Hjallsker 05	Reiðhvammur 24
Hrútadý 31	Rjúpsker 37
Hærrilægðir 29	Sjóareyri 03
Höfði 04	Skeggöxl 34
Kvíahryggur/Stekkjarskriða 09	Svarthamar 33
Kvíahvolf 08	Þurahvolf 13
Litlihvammur 21	Þurahvolfshryggur 14
Nípurdalurinn 32	Öndverðanes 20

Örnefni í landi Nýps

Nípurá 01

Staðsetning: A354040 N539618

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Rennur austanvert við bæinn.

Kort: Kort 3.



Mynd 13. Nípurá.

Hesthúsbarð 02

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Niður af túninu og var þar hesthús.

Sjóareyri 03

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Smá eyri niður og út af Hesthúsbarði.

Höfði 04

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Utan við lækinn og þar var tekinn mór til eldiviðar.

Hjallsker 05

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Sker framan af Höfða.

Flói 06

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Er fyrir ofan við Sjóareyrina, mýrlent svæði og innan við Höfða, innan til.

Farlækur 07

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Ekki vitað af hverju nafnið er dregið vegna þess að Björn veit ekki til þess að lækurinn hafi breytt um farveg.

Kvíahvolf 08

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Næst utan við túnið.

Kvíahryggur/Stekkjarskriða 09

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Fyrsti hryggurinn fyrir utan túnið. Var eitt sinn kallaður Stekkjarskriða.

Farlækjarhvolf 10

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Hvolf rétt hjá Kvíahrygg. Þar sem lækurinn byrjar úr Farlækjahvolfi, kom svellkalt vatn upp úr jörðinni.

Farlækjahryggur 11

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Næst fyrir utan Farlækjarhvolf, beint út og upp af túni er þverhnýpt hyrna, Skjöldur.

Skjöldur 12

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Þverhýpt hyrna, beint upp af Kvíahrygg.

Þurahvolf 13

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Liggur utan við Farlækjarhrygg.

Þurahvolfs hryggur 14

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Liggur utan við Farlækjahrygg.

Skekjarhvolf 15

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Utar en Þurahvolfs hryggur. Mótar fyrir innrekstrarbyrgi þar.

Steinseyri 16

Staðsetning: A353284 N540326

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Niður af Stekkjarhvoli.

Það dregur nafn sitt af stórum steini, sem fjarar í, er hálf önnur mannhæð á hæð.

Kort: Kort 3.



Mynd 14. Steinseyri.

Háihryggur 17

Staðsetning: A352454 N539214

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Sást fyrst þar til mannaferða.

Kort: Kort 3.

Háahryggshvolf 18

Staðsetning: A352395 N539166

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Utar en Háihryggur.

Kort: Kort 3.

Berjahólar 19

Staðsetning: A352228 N539018

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Utar en Háahryggshvolf. Eru aðeins örfáar þúfur og þar er eiginlega ekki neitt af berjum, en þetta er eini staðurinn í landareigninni, þar sem berjaling vex.

Kort: Kort 3.

Öndverðanes 20

Staðsetning: A352222 N539456

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Grjóttangi niður af Berjahólum.

Kort: Kort 3.

Litlihvammur 21

Staðsetning: A352137 N539332

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Smáhvammur rétt utar en Öndverðarnes.

Kort: Kort 3.

Byrgishvammur 22

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Skammt utar en Litlihvammur, krappur og djúpur hvammur og engin merki eru þar eftir Byrgi.

Reiðhvammsflói 23

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Flói fyrir utan Byrgishvamm sem nær út að Reiðhvammi.

Reiðhvammur 24

Staðsetning: A351449 N539004

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Allstór vallendishvammur sem nær frá Reiðhvammsflóa að Stórasteini. Hvíldarstaður þegar menn riðu fjörunnar.

Kort: Kort 3.

Stóristeinn 25

Staðsetning: A351431 N538898

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Liggur á merkjum.

Kort: Kort 3.

Reiðhvammshóll 26

Staðsetning: A351447 N539160

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettur neðst í Reiðhvammi.

Kort: Kort 3.

Reiðhvammsbarð 27

Staðsetning: A351419 N539092

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett á merkjum móti Tindum.

Kort: Kort 3.

Neðrilægðir 28

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettar upp undar bænum uppi á fjalli.

Hærrilægðir 29

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Grasflesjur út fjallið.

Gatklettur 30

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettur heldur innan við Skjöld upp af bæ. Í athugasemdum Bjarnar kannast Björn ekki við nafnið.

Hrútaðý 31

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsettur í hlíðinni niður af bæ.

Nípurdalur 32

Staðsetning: A354187 N539466

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Gróðurlítill hérna megin ánnarinnar. Í miðjum dalnum Nípurmegin var hjásetuhús áður fyrr.

Kort: Kort 3.



Mynd 15. Nípurdalur.

Svarthamar 33

Staðsetning: A355264 N536037 (ekki skrásett á kort)

Heimild: Örnefnaskrár Nýps. Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Liggur ofan við landið. Nípurmegin er Svarthamarinn tómar skriður. Hamarinn sjálfur er hinum megin, þ.e í Búðardal, og er hann sérkennilegur á litinn þaðan séð, gráblár með svörtu í.

Skeggöxl 34

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Ofan við Nípurlandið.

Eyrar 35

Staðsetning: Ekki á korti vegna skorts á heimildum.

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Staðsett milli Heinabergs og Nýps. Á þeim var bráðkvaddur Eggert Oddson frá Fremri-Langey; Þar sem þetta gerðist er hringur, ca 2 m í þvermál, hlaðinn smásteinum og koddalagaður steinn. (Davíð Ó. Grímsson vottar, að þetta sé rétt. Eggert Oddson var langafi hans, K.E).

Reiðhvammssker 36

Staðsetning: A356640 N539537

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Út af Reiðhvammi.

Kort: Kort 3.



Mynd 16. Reiðhvammssker.

Rjúpsker/Djúpsker 37

Staðsetning: A351503 N540106

Heimild: Örnefnaskrár Nýps.

Lýsing/ Staðhættir: Nokkru utar en Reiðhvammssker. Hverfa í sjó í flóði. Þar var smávegis selveiði áður fyrr.

Kort: Kort 3.

Nípurdrög 38

Staðsetning: A357010 N536365 (ekki skráð á kort)

Heimild: Björn Kristjánsson, 27.ágúst 1981.

Lýsing/ Staðhættir: Drög fyrir botni Nípurdalsins. Þau myndast af Svarthamri og Sandfelli, sem eru í Heinabergslandi. Nípurmegin er Svarthamarinn tómar skriður. Hamarinn sjálfur er hinum megin, þ.e í Búðardal, og er hann sérkennilegur á litinn þaðan séð, gráblár með svörtu í.



Boðleiðir í Skarðshreppi

Boðleiðir voru leiðir sem leitarseðlar og einstaka fundarboð voru send eftir. Yfirleitt byrjaði boðleiðin á þeim bæ þar sem oddviti bjó hverju sinni. Samkvæmt Jóhanni G. Péturssyni (minnisblað Þórólfar Halldórssonar um boðleiðir í Fellsstrandarhreppi 28.3.2011) var leitarseðillinn yfirleitt í einriti og var þessi eini seðill borinn á milli bæja, og á hverjum bæ lögðu menn hann ýmist á minnið eða endurrituðu. Í kring um 1980 var farið að senda seðlana á alla bæi með pósti. (Jóhann G. Pétursson fyrrverandi oddviti. Þórólfur Halldórsson skrifl. uppl.). Sigurður Þórólfsson á Innri – Fagradal lýsti boðleiðum í Skarðshrepp með hjálp Ólafs Eggertssonar á Manheimum svona:

Reynikelda – Skálatóftir – Frakkanes – Kross – Á – Geirmundarstaðir - Skarð (undir það fellur Skarð eitt og tvö og Manheimar) – Hvalgrafir - (Klifmýri er tiltölulega ungt býli, sem byggt var í landi Hvalgrafa og gamla jörðin aflögð til búskapar og boðleiðir aflagðar áður en það kom til) – Barmur – Hvarfsdalur – Búðardalur – Tindar – Níp – Heinaberg - Ytri-Fagridalur .

Umræður

Örnefni þróast með breyttum aðstæðum, því er mikilvægt að uppfæra örnefnasöfn og -skrár til þess að stuðla að varðveislu þeirra. Nútímataekni gerir þessa vinnu bæði nákvæmari og auðveldari og með reglulegum skráningum er hægt að halda utan um alla þróun og breytingar á íslenskum örnefnum.

Erfitt var að fá heimildamenn til að lýsa örnefnum á þessum jörðum en einungis voru hnitsett 35 örnefni af 40 í Heinabergslandi og 16 af 38 örnefnum í landi Nýps.

Eins og bent hefur verið á er mikilvægt að halda utan um breytingar á íslenskum örnefnum og því verður örnefnaskráningu seint lokið.

Þakkir

Gerð þessa verkefnis hefði verið ómöguleg án aðstoðar heimildarmanna í röðum heimamanna; Guðmundur Gíslason, Halla Sigríður Steinólfsdóttir Ytri Fagradal. Hermann Karlsson, Guðrún Jóhannsdóttir og Edda Hermannsdóttir Klifmýri. Sigurði Þórólfssyni, Þórólfi Halldórssyni og Ólafi Eggerssyni. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir aðstoðina. Meðlimum Breiðarfjarðarnefndar er þakkað fyrir yfirferð og athugasemdir. Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, Þorleifur Eiríksson hefur umsjón með verkefninu.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1938. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. Endurútgefin (ljósprentuð eftir eldri útgáfu) af Sögufélagi Reykjavíkur 1983.

Brink S, 1999. Social order in the early Scandinavian landscape. Í Fabech C., Ringtved J. (ritstjórar), *Settlement and landscape* (bls. 423-439). Århus: Jutland Archaeological Society Press.

Guðrún Gísladóttir, 1980. *Örnefni í Álftaveri.* Óbirt BS-ritgerð í landafræði: Háskóla Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeild.

Hulda Birna Albertsdóttir, 2010. *Örnefnaskráning í Dalabyggð. I. Hluti - Ólafsdalur.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 19-10. Bolungarvík.

Hulda Birna Albertsdóttir, 2012. *Örnefnaskráning í Dalabyggð. II. Hluti - Stóra- og Litlaholt.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 15-12. Bolungarvík.

Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2012a. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – III. Hluti - Tjaldanes og Lambanes.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 16-12. Bolungarvík.

Hulda Birna Albertsdóttir og Sóley Valdimarsdóttir. 2012b. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – IV. Hluti – Innri Fagridalur – Fagradalstunga.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-12. Bolungarvík.

Hulda Birna Albertsdóttir. 2013. *Örnefnaskráning í Dalabyggð – V. Hluti – Ytri Fagridalur.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-12. Bolungarvík.